

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skeiðahreppi árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeiðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert býli (búrekstur og íbúð), aðrar íbúðir, sumarhús og fyrirtæki. Gjaldið skal innheimt með gjalddaga 1. maí.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Býli	Kr. 5.500.
Fyrirtæki	Kr. 3.000.
Íbúðir	Kr. 2.500.
Sumarhús	Kr. 1.500.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skeiðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.